

Tinova Wood Base Oil BPR

Grunnolía



Efnislýsing

Tinova Wood Base Oil BPR er vatnsþynnanleg, glær viðarvörn sem notuð er gegn fúasveppi og grágeit á við. Efnið er þunnfljótandi og borið á með pensli eða rúllu. Tinova Wood Base Oil BPR er grunnolía sem myndar ekki filmu, hún smýgur vel inn í viðinn, veitir mikla vernd gegn raka og kemur í veg fyrir sprungumyndun.



Meðhöndlun

Undirlagið skal vera hreint og þurr (mest 16% raki í viði).

Nýmálun

1. Gegndreypið alla fleti með Tinova Wood Base Oil BPR og þá sérstaklega vel gljúpa fleti s.s. endatré og fleti sem mikið mæðir á. Berið á 2-3 umferðir, blautt í blautt þar til viðurinn er mettaður.
2. Grunnið alla fleti með Tinova Primer Exterior.
3. Málið tvær umferðir yfir með þekjandi viðarvörn frá Nordsjö, t.d. ONE Super Tech eða ONE Door & Window.
4. Tinova Wood Base Oil BPR er einnig notuð sem grunnur beint undir hálfþekjandi efni, s.s. Cetol HLS plus, Cetol Filter 7 plus eða One Transparent.

Endurmálun

1. Þvoiid allan flötinn með Original Málartvätt. Ef á honum er mygla eða annar gróður skal þvo flötinn með þörung- og mygluhreinsi. Skolið vandlega á eftir með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er.
2. Fjarlægjið alla gamla og lausa málningu. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Þússið af gráma og fúa í viði uns komið er niður í eðlilegan viðarlit.
3. Ber viður skal gegndreyptur með Tinova Wood Base Oil BPR. Síðan er hann grunnaður með Tinova Primer Exterior.
4. Málið tvær umferðir yfir með þekjandi viðarvörn frá Nordsjö, t.d. ONE Super Tech eða ONE Door & Window.
5. Tinova Wood Base Oil BPR er einnig notuð sem grunnur beint undir hálfþekjandi efni, s.s. Cetol HLS plus, Cetol Filter 7 plus eða One Transparent.

Annað

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun innan fárra klukkustunda eftir lok verks.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Alkýðolfa

Þurrktími við 23°C/50% raka: 4 klst

Yfirmálun við 23°C/50% raka: Eftir 24 klst

Loft-/yfirborðshitastig við málun: Minnst +5°C, mest +25°C

Rakastig: 40-80% (kjörakastig 65%)

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur

Þekja: Nýmálun 5 m²/l (200 g/m²)

Pakkningar: 1, 2,5 og 10 lítra dósir

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC 27 g/l)

Tinova Wood Base Oil er samþykkt samkvæmt sæfivörureglugerðinni (BPR-reglugerð (ESB) 528/2012)

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni tryggilega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll; skilið þeim til endurvinnslustöðva ásamt tónum umbúðum. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.